



382. Stjórnarfundur haldinn 3. nóv. 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ / Guðmundi Jólssyni löggilts endurskoðenda. Upplýsingablað vegna niðurfærðra krafna í rekstarreikningi UMFÍ árin 2008 og 2009 auk sundurliðun viðskipta við VBS. *Móttekið.*

Bréf ásamt bæklingum frá ÍSÍ v/ hættunnar við lyfjamisnotkun. *Móttekið.*

Bréf frá ÍSÍ/ÍRB vegna laga Keflavíkur. *Móttekið og framkvæmdastjóra falið að skoða athugasemdir sem gerðar eru við lög félagsins.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað Keflavíkur.

Ákveðið að fá Hólmbergt Friðjónsson til að vera í opnuviðtali. EH lagði fram fjárhagsáætlun jólablaðsins og er hún jákvæð.

5. Önnur mál.

EH sagði frá því að hluthafafundur Stafnvíkur verður 21. nóv.

EH sagði frá því að Albert Hjálmarsson og Kristinn Arnarsson fulltrúar Atafls hafi komið til fundar við sig og kynnt sér hugmyndir þeirra um byggingu á gamla malarvellinginum.

Tölvupóstur frá Gunnari Jóhannssyni formanni körfuknattleiksdeildar þar sem hann óskar eftir fundi með forstöðumanni íþróttahúss Sunnubrautar/félagsheimili og formanni félagsins til að fara yfir ýmis mál er varðar íþróttahúsið/félagsheimilið.

Tölvupóstur frá Jóni Ben formanni körfuknattleiksdeildar vegna beiðni um gistingu í félagsheimili okkar. Framkvæmdastóra falið að hafa samband við Jón og forstöðumann íþróttahússins. Tekið er jákvætt í erindið.

EH og PMK sögðu frá fundi sem þeir áttu ásamt Gunnari Jóhannssyni formanni körfuknattleiksdeildar með Einari Hannessyni útibústjóra Landsbankans vegna mála körfuknattleiksdeildar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

Fundinn ritaði SG

